

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 17. mars 2017
Mnr. 2017030012



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - stílsnið.docx

Jón Grétar Magnússon sækir um byggingaleyfi fyrir 25 kW vindorkustöð f.h. Græðis sf. Meðfylgjandi var útlits/afstöðumynd af fyrirhugaðri vindorkustöð.

Á afstöðumynd kemur fram að fjarlægð í hús sé um 16 m að húsgafli frá miðri undirstöðu vindorkustöðvar. Um er að ræða danska hönnun og framleiðslu frá Viking, framleidd í Randers. Turninn er 18 metra hár og heildarhæð með spöðum er 24,5 m stöðin vinnur við vindstyrk á milli 4 m/s upp í 25 m/s þegar vindur fer upp fyrir efri mörk á þá kemur til sjálfvirkur útsláttur sem stoppar túrbínu. Hægt er að fella mastur vegna viðhalds og eða þegar veðurspá er þannig að öryggi vindorkustöðvar er ógnað.

Í samtali mínu við Harald Magnússon, bónda á bænum Belgsholti kom eftirfarandi fram að í hans tilfalli þá hafa orðið óhöpp þar sem spaðar hafa rifnað af í roki og mylla hefur fallið. Ég spurði um ástæður og voru þær margþættar. Stýribúnaður og útsláttur virkaði ekki sem skyldi, vindorkustöðin átti til að snúast undan vindi og snúast rangsælis. Við það fór stöðin að ganga fyrir rafmagni í stað þess að framleiða rafmagn og jafnframt snúast of hratt. Við þessar aðstæður greip sjálfvirkur útsláttur ekki inn í þannig að spaðar voru að brotna og þeytast 60-80 metra. Í samtali okkar spurði ég jafnframt um framleiðanda og um var að ræða franska hönnun þess ber að geta að sá framleiðandi er farinn á hausinn.

Í tölvupósti til framleiðanda óskaði ég eftir upplýsingum um helgunarsvæði vindorkustöðvarinnar og skv. framleiðanda Viking 25 þá er gert ráð fyrir því að lágmarksfjarlægð sé 25 metrar.. Jafnframt óskaði eftir upplýsingum um hvaða ráðstafana sé gripið til vegna ofsaveðurs og ísingar. Þegar þær aðstæður myndast, að óttast er um öryggi vindorkustöðvarinnar þá er hægt að fella hana niður með spilbúnaði m.t.t.þ. að felligálgi sé hluti af búnaði.

Lagt er til að fjarlægð sé aukin og sé a.m.k 25 metrar m.t.t. upplýsinga frá framleiðanda einnig að fellibúnaður sé hluti af öryggisbúnaðar.